

## ✉ Re: Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kirkjugólf, Skaftárhreppi

Búið til	15.12.2021 14:55:53
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	15.12.2021 14:55:53
Tilheyrir	📁 202111-0014 - Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kirkjugólf, Skaftárhreppi

### Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kirkjugólf, Skaftárhreppi

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	15.12.2021 14:55:53	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	gudbjorg@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

-----  
Tilvísun í mál nr. 202111-0014 (SS, IAS).

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 8. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Kirkjugólf.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér drögin að ætlaninni og telur að í þeim komi fram helstu atriði sem mikilvægt er að fjallað sé um. Stofnunin vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Í inngangskafli á bls. 6 er fjallað um stuðlabergssúlur, betra er að nota hugtakið „stuðlar“. Það á við um á fleiri stöðum t.d. á bls. 10.

Í lýsingu á mörkum svæðisins í lið 2.1 á bls. 9 ætti að fjalla um 40 metra jaðarsvæðið sem er tilgreint á loftmyndinni sem sýnir mörkin.

Í lið 2.2.1 er fjallað um svörfun vegna sandfoks og talað um stuðlabergsflöt. Betra er að samræma orðalag og fjalla um svörfum á „stuðlum“ eða á „Kirkjugólfinu“, frekar en að nota of mörg hugtök.

Eins og fram kemur í lið 3.1 stendur til að endurskoða auglýsingu um friðlýsingu Kirkjugólfs. Náttúrufræðistofnun vill árétta að sú endurskoðun má ekki leiða til þess að svæðið verði minnkað þannig að hætta sé á að verndun jarðminjanna verði ógnað.

Í lið 3.2. um náttúrminjar segir að ekki skuli raska gróðri, en þegar aðgerðir eru nefndar í lið 3.2.1 er fjallað um að hreinsa eigi gróður og annað af Kirkjugólfinu. Í þessu felst ákveðið ósamræmi sem þyrfti að leiðrétta í textanum. Ef til vill má draga úr áherslu á verndun gróðurs, einnig er óþarfi að minnast á verndun dýralífs fyrir þetta svæði. Þá er mikilvægt að útfæra allar aðgerðir varðandi gróður varlega þannig að fyrst og fremst gróður sem rýri verndargildi jarðminjanna sé fjarlægður sem og framandi ágengar tegundir.

Leiðrétta þarf hlekk í lið 3.4. sem á að tengjast við aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 en tengist við lög um menningarminjar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Guðbjörg Gunnarsdóttir" <[gudbjorg@umhverfisstofnun.is](mailto:gudbjorg@umhverfisstofnun.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>

**CC:**

**Subject:** Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kirkjugólf, Skaftárhreppi

**Date:** 8.11.2021 11:15:47

Góðan dag.

Meðfylgjandi er beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Kirkjugólf, Skaftárhreppi.

Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 15. desember 2021.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000 (tel:%2B354%20591%202000)  
Bréfasími / Fax: +354 591 2010 (tel:%2B354%20591%202010)  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

image001.png (3 KB)

image001.png (5 KB)